

**Hlíf Sigurjónsdóttir** er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og í Listaskólann í Banff í Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sínfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Árið 2008 kom út tvöfaldur geisladiskur með leik hennar á öllum sönötum og partítum fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach og á liðnu ári kom út geisladiskurinn *DIALOGUS* með tónverkum fyrir einleiksfiðlu sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Hefur sá diskur hlotið mikið lof gagnrýnenda.

**Carl Philippe Gionet** píanóleikari er með doktorsgráðu í píanóleik frá Université de Montréal þar sem Paul Stewart, hinn kunní píanisti frá Nova Scotia, var aðalkennari hans. Hann hefur fengið tilsögn í meðleik hjá Roger Vignoles, David Lutz, Carolyn Hague og Susan Manoff og sótt námskeið í Académie de Villecroze hjá Dalton Baldwin, Heidelberg Lied Akademie með Thomas Hampson, the Crear Scholars með Malcolm Martineau, Schubert Stichting í Amsterdam og hjá Franz-Schubert-Institut. Auk þess hefur hann spilað á námskeiðum hjá Martin Isepp, Elly Ameling, Rinaldo Alessandrini, Wolfram Rieger, Julius Drake, Rudolf Jansen og Ivry Gitlis.

Carl hefur hlotið marga styrki, þar á meðal frá Sylva Gelber Music Foundation, frá Canada Council for the Arts, Foundation des Jeunesses Musicales du Canada, the New Brunswick Arts Council, Université de Moncton og Université de Montréal. Hann hefur komið fram á tónleikum í Norður Ameríku, Evrópu og Mið-Austurlöndum.

*Hlíf Sigurjónsdóttir*  
fiðla

*Carl Philippe Gionet*  
píanó



**Franz Schubert** fæddist í Lichtental hjá Vín í janúar 1797 og lést í Vínarborg aðeins 31 árs að aldri. Hann lifði alla ævina í skugga Ludwig van Beethoven (1770–1827) sem, fyrir Vínarbúa þess tíma, var hinn mikli maður og aðeins örfáa samtímamenn mátti nefna í sama vetfangi; Hummel, Spohr og e.t.v. Weber. Schubert var ekki í þeirra hópi og það var ekki fyrr en fjórum áratugum eftir andlát hans að hann var almennt viðurkenndur sem einn hinna stóru.

Ólíkt flestum tónskáldum samtímans var Schubert ekki jafnframt konserthljóðfæraleikari (oftast píanisti) né hljómsveitarstjóri. Það er talin meginástæða þess að hann hlaut ekki þá eftirtekt sem honum bar, né öðlaðist þann frama sem aðrir náðu með persónulegum flutningi verka sinna.

Faðir Schuberts var skólameistari og var Franz þriðji yngstur af 14 systkinum, en af þeim komust aðeins 5 á legg. Er Franz var ellefu ára frétti hirðtónskáld keisarans, Antonio Salieri, af honum og tók hann til náms. Árið 1814 gjörðist hann aðstoðarkennari við skóla föður síns, og var ætlunin að hann fetaði í fótspor föðursins, en hann kunni kennslunni illa og hætti 1818. Haft var eftir honum: „Ég hef komið í þennan heim eingöngu til að semja tónlist“. Upp frá því sinnti hann eingöngu köllun sinni sem tónskáld og lifði bóhem lífi meðal vina, en hann átti traustan vinahóp sem dáði hann og studdi.

Hann var afkastamikið tónskáld og hefur verið líkt við Mozart sem var með heilu tónsmíðarnar í kollinum, tilbúna að skrá þær niður. Hann vann við tónsmíðar á morgnana, en þá tók við bóhem líf á kaffihúsum og krám með félögum hans. Hann auðgaðist ekki á verkum sínum, píanó átti hann aldrei, og eftir að hann flutti úr foreldrahúsum mun hann aldrei hafa eignast eigið heimili, heldur búið meðal vina og kunningja.

Einkenni Schuberts eru þessar endalausar uppsprettur laglína og sú snilligáfa að gæða þær litríkum tilfinningum og stemningu með hugmyndaríkum hljómagangi. Segja má að öll samtíma tónskáld Schuberts hafi verið undir áhrifum Beethovens, Mozarts og Haydn, nema Schubert. Þegar hann hafði fundið sína rödd fór hann sínar eigin leiðir.

## Efnisskrá

Franz Schubert 1797 – 1828	Sónata í D dúr Allegro molto Andante Allegro vivace	D384 (op. posth. 137/1)
	Sónata í a moll Allegro moderato Andante Menuetto – Trio Allegro	D385 (op. posth. 137/2)
	Sónata í g moll Allegro giusto Andante Menuetto – Trio Allegro moderato	D408 (op. posth. 137/3)